

# Nordjobb

www.nordjobb.net

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 8. janúar 2013

## Efni: **NORDJOB** sumarstörf 2013

Nordjobb er samnorðent verkefni sem býður ungu fólki á aldrinum 18-28 ára sumarvinnu, húsnæði og fjölbreytta tómsunda- og menningardagskrá á hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið hefur frá árinu 1985 greitt leiðina fyrir ríflega 20000 ungmenni sem hafa kynnst menningu frændþjóðanna á þeim aldri sem þau eru að mótast sem fullorðnir einstaklingar. Þau hafa bætt tungumálakunnáttu sína og fengið aukinn skilning á menningu annarra þjóða með því að lifa og starfa í nágrannalöndum yfir sumartímann.

Fjöldi íslenskra ungmenna fær sumarvinnu hvert ár á vegum Nordjobb og vinsælt hefur verið hér á landi að taka á mót hressum ungmennum frá okkar frændþjóðum.

Nordjobb þakkar bæjarfélaginu Hafnarfirði þátttökuna í verkefninu sumarið 2012 og óskar hér með eftir því að bæjarfélagið taki þátt í verkefninu og ráði Nordjobbara til starfa sumarið 2013.

Virðingarfyllt,



Stefán Vilbergsson  
Verkefnisstjóri NORDJOB á Íslandi  
Norðræna félaginu, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík  
island@nordjobb.net – s. 55010165

Þarðarþær
10.1.2013
1301274
382